

12. júní 1979.

445

Nr. 249.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt
með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 1. tl. 14. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978) bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. til 5. mgr. þessa töluliðs skal þeim aðilum sem framleiða íbúðarhús í verksmiðjum heimilt að draga við söluskattskil eftirtalda hundraðshluta frá heildarsöluverði uppsettra húsa, áður en söluskattur er reiknaður:

- a) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús afhent tilbúið undir málningu og innréttingar með eða án allra lagna 43%
- b) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús afhent fókelt, hvort sem útveggir eru tilbúnir undir málningu eða ekki og þak frágengið að utan eða ekki 42%

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. l. nr. 27/1979, öðlast gildi 18. júní 1979.

Fjármálaráðuneytið, 12. júní 1979.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.